

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 12. janúar 1900 (A. nr. 1, bls. 2—9).

Lög um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. september 1885, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 2, bls. 10—13).

Lög um fjármál hjóna, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 3, bls. 14—27).

Lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 4, bls. 28—33).

Lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 5, bls. 34—35).

Lög um fjölgun og viðhald þjóðvega, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 6, bls. 36—37).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um mæling á skipaleið inn á 10 Hornafjörð, Papós og Salthólmavík. — Eptir að jeg hafði skrifað sjóliðsráðaneytinu 9. janúar um mæling þá á skipaleið inn á Hornafjörð, Papós og Salthólmavík við Gilsfjörð, sem getur um í brjefi yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 30. oktbr. f. á., og þingsályktun þeirri, er þarmed fylgdi, hefir nefnt ráðaneyti skrifað mjer brjef það, er hjermed fylgir endurrit at; en samkvæmt því mun skipaleið inn á Hornafjörð og Papós verða mæld af skonnortunni »Diana« á komandi sumri, en leiðin inn á Salthólmavík getur eigi orðið mæld, nema veitt sje til sjerstakrar bátaútgerðar til þess starfa.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um metorð lækna. — Eptir 11 að svo hafði verið ákveðið í lögum um skipun læknishjerada á Íslandi o. fl. frá 15. janúar 13. oktbr. f. á., að sum af læknishjeruðunum skyldu veitt af herra landshöfðingjanum, beiddist ráðaneytið úrskurðar forsætisráðgjafans um það atríði, er þá varð spurning um, nefnilega hvort þeir hjeradslæknar, er þjer skipuðuð, skyldu vera jafnir að metorðum þeim hjeradslæknum, er hefðu verið og yrðu skipaðir af konungi.

Ráðaneytið hefir síðan fengið tilkynning frá forsætisráðgjafanum um það, að hans hátign konunginum hafi eptir allraþegnsamlegustum tillögum hans 9. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á, að ákvæðið í konungsúrskurði 20. maí 1874 um að hjeradslæknar skuli taldir að metorðum í 5. flokki nr. 4 í metorðaröðinni, skuli og gilda um þá hjeradslækna á Íslandi, sem skipaðir eru af landshöfðingja.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um tóbakstoll. — Í brjefi, 12 dagsettu 2. f. m., hafid þjer, herra bæjarfógeti, getið þess, að verzlunarstjóri A. 29. janúar Ásgeirssonar á Ísafirði og fleiri þar á staðnum, er fengu tóbak og tóbaksvindla með póstskipinu »Laura«, sem hafnaði sig þar 18. nóvbr. f. á., eða 5 dögum

10. febrúar 1900.